

Ed.

535. Nefndarálit

um frumv. til áfengisлага.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Í frumv. þetta hafa verið tekin flest ákvæði og fyrirmæli gildandi bannlaga; auk þess eru ýms ákvæði þeirra þrengd að nokkru, að því er snertir meðferð áfengis og útlát. Ennfremur eru sektarákvæði skerpt til muna. Nokkur nýmæli eru og tekin upp í frumv., og eru þau sniðin eftir samskonar ákvæðum í bannlögum Finnlands.

Frumvarpið hefir fengið mjög mikinn og ítarlegan undirbúning. Er það samið af nefnd manna, er templarar og bannmenn skipnðu á síðastliðnu ári, ásamt lögfræðingi, er landsstjórnin setti nefndinni til aðstoðar.

Í nefndinni hafa átt sæti menn, sem þrauthugsað hafa bannmálið og mikla reynslu og þekkingu hafa á því, hverjar veilur hafa verið í þeim lögum.

Hefir nefndin lagt afarmiklu vinnu í að gera frumv. sem best úr garði, innan þeirra takmarka, sem hljóta að leiða af undanþágu þeirri, er veitt var með lögum nr. 3, 4. apríl 1923, vegna Spánarsamninganna.

Nú hefir allsherjarnefnd efri deildar haft málið til meðferðar og athugunar. Var bætt við nefndina tveimur mönnum sjerstaklega vegna þessa frumv. Hefir nefndin rætt frumv. á mörgum fundum og auk þess falið undirnefnd sjerstaka athugun þess á milli funda.

Peir, sem sömdu frumv., hafa talið rjett að sameina í einum lögum öll nauðsynleg fyrirmæli um verslun með áfengi og meðferð þess í landinu. Er ákveðinn kafli frv. (II. kafinn) um áfengisverslun ríkisins.

Nú liggur fyrir allsherjarnefnd annað frumv., á þingskj. 194, um einkasölu á áfengi. Er það að efni til að mestu samhljóða ákvæðum þeim, er standa í II. kafla áfengislagafrumv.

Það má að sjálfsgöðu deila um það, hvort rjettara sje að setja sjerstök lög um einkasölu áfengis eða hafa þau sem einn kafla í áfengislöggjöfnni, eins og höfundar frumv. þessa hafa ætlast til. Báðar leiðirnar sýnast vel færar, og á gagnsemi áfengislaganna virðist það ekki hafa nein áhrif, hvor leiðin valin er. Um hitt verður varla deilt, að óþarft sje að hafa fyrirmælin um áfengisverslun ríkisins í tvennum lögum, sem afgreidd eru samtímis frá þinginu.

Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að hallast að því að setja sjerstök lög um einkasölu ríkisins á áfengi, meðal annars af þeim ástæðum, að áfengisversluninni er ætlað að hafa einnig með höndum verslun með lyf, sárumbúðir o. fl. Að sjálfsgöðu er þá óþarft, að 7.—14. gr. ásamt 16. gr. áfengislagafrumv. standi í því. Leggur því nefndin til, að þær verði feldar niður.

Um aðrar breytingar hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Tveir nefndarmenn, þeir Jóh. Jóh. og J. P., vilja gera fleiri og víðtækari breytingar við frumv. en þær, er hinir nefndarmennirnir vilja ganga að. Skrifa þeir því ekki undir þetta nefndarálit og munu skila breytingartillögum á öðru þskj.

Auk niðurfellingar á 7—14. og 16. gr. leggur meiri hl. til, að gerðar verði smávægilegar breytingar á frumv. auk allmargra leiðrjettinga á greinatölu og tilvitnana í greinar, sem leiða af niðurfellingu nefndra greina (7.—14. og 16. gr.).

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bættist: eða farið er með samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
2. Við II. kafla. Fyrirsögn kaflans verður: Tilbúningur áfengis.
3. — 6. gr. Greinin verður 9. gr. (upphafsgr. III. kafla).
4. — 7.—14. gr. Greinarnar falli burt.
5. — 16. gr. Greinin falli burt.
6. — 17.—19. gr. Greinarnar verða 6.—8. gr.
7. — 17. gr. (sem verður 6. gr.). Á eftir orðunum »áfenga drykki« komi: eða áfengisvökva.
8. Við IV. kafla. Kafinn verði III. kafli og breytist tala kaflanna eftir því.

9. Við 20.—24. gr. Greinarnar verða 10.—14. gr.
10. — 22. gr. (sem verður 12. gr.). Í stað »44« komi: 33.
11. — 23. gr. (sem verður 13. gr.). Á eftir orðunum »veitingu áfengis« komi: i hagnaðarskyni eða sakborningur hafi áður verið dæmdur fyrir brot gegn áfengislöggjöfnni.
12. Við 15. gr. Greinin standi óbreytt og verði lokagrein III. kafla.
13. — 25.—29. gr. Greinarnar verða 16.—20. gr.
14. — 28. gr. (sem verður 19. gr.). Í stað »26. gr.« komi: 17. gr.
15. — 30.—38. gr. Greinarnar verða 21.—29. gr.
16. — 30. gr. (sem verður 21. gr.). Í stað »48« komi: 38.
17. — 31. gr. (sem verður 22. gr.). Í stað »49« komi: 39.
18. — 32. gr. (sem verður 23. gr.). Í stað »50« á tveim stöðum komi: 40.
19. — 33. gr. (sem verður 24. gr.). Í stað »51« komi: 41.
20. — 34. gr. (sem verður 25. gr.). Í stað orðanna »gegna embættisverkum« i síðustu málsgrein komi: starfi sínu.
21. Við 37. gr. (sem verður 28. gr.). Í stað »36« komi: 27.
22. — 38. — (sem verður 29. gr.). Í stað »36« komi: 27.
23. — 39. — Greinin verður 35. gr.
24. — 40. — Greinin falli burt.
25. — 41.—45. gr. Greinarnar verða 30.—34. gr.
26. — 41. gr. (sem verður 30. gr.). Í stað »17« komi: 6, og í stað »36« komi: 27.
27. — 42. — (sem verður 31. gr.). Í stað »20« komi: 10.
28. — 43. — (sem verður 32. gr.). Í stað »21« komi: 11.
29. — 44. — (sem verður 33. gr.). Í stað »22« komi: 12.
30. — 45. — (sem verður 34. gr.). Í stað »24« komi: 14.
31. — 46.—58. gr. Greinatalan verði 36.—48. gr.
32. — 46. gr. (sem verður 36. gr.). Greinin orðist svo:
Brot gegn 16. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Auk þess skal skipstjóri láta flytja hinn brotlega á land á fyrstu höfn, ef brotið er framið á farþegaskipi.
33. Við 47. gr. (sem verður 37. gr.). Í stað »26.—28« komi: 17.—19.
34. — 48. — (sem verður 38. gr.). Í stað »30« á þremur stöðum í gr. komi: 21.
35. — 49. — (sem verður 39. gr.).
a. Í stað »31« komi: 22.
b. Síðari málsgrein orðist þannig:
Sje um að ræða brot gegn 16. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en segir í 36. gr.
36. Við 50. gr. (sem verður 40. gr.). Í stað »32« komi: 23, og í stað »43« komi: 32.
37. — 51. — (sem verður 41. gr.). Í stað »33« á tveim stöðum í gr. komi: 24.
38. — 55. — (sem verður 45. gr.).
a. Á eftir orðinu »sölu« í fyrstu málsgrein bætist: heimilisnotkun.
b. Í stað »47« í annari málsgrein komi: 37.
c. Á eftir orðunum »með mat« í þriðju málsgrein bætist: í borðsal veitinga-
hússins.

39. Við 58. gr. (sem verður 48. gr.). Orðin »Lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi« falli burt.
40. Aftan við frv. bætist ný grein, sem verður 49. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Alþingi, 19. mars 1928.

Jón Baldvinsson, Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.
form. fundaskr. og frsm.